



Alþýðusamband Íslands

Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 06.11.2020  
Tilvísun: 202010-0034

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrgðasjóð launa, 35. mál, 151. löggj.þ.**

Í ágúst sl. samþykkti miðstjórn Alþýðusambands Íslands ályktun um hækkun atvinnuleysistrygginga og framlengingu hlutabótaleiðar.<sup>1</sup> Þar er m.a. lagt til hækkun grunnatvinnuleysisbóta og lengingu bótaréttar. Þar segir einnig m.a.

*Atvinnuþátttaka er mjög há á Íslandi og atvinnuleysi alla jafna lágt. Engu að síður eru atvinnuleysistryggingar hærrí en víða annars staðar. Þetta afsannar þá lífsseigu kenningu að atvinnuleysistryggingar séu letjandi til atvinnuleitar. Hvergi í heiminum hefur sú aðferð að svelta fólk út af bótum skilað árangri.*

*Skortur á afkomuöryggi getur haft miklar langtímaafleiðingar fyrir einstaklinga og fjölskyldur sem er jafnframt mjög dýrkeypt samfélagslega. Tekjufall einstaklinga hefur dómínó-áhrif á hagkerfið í heild sinni og getur leitt til þess að kreppan vegna COVID-19 verður dýpri og langvinnari en ella.*

ASÍ telur öflugt velferðarkerfi vinnumarkaðarins vera einn af hornsteinum samfélags jafnaðar og velferðar. Hefur margoft komið fram í ályktunum og öðrum stefnuyfirlýsingum mikilvægi afkomutrygginga í að koma í veg fyrir fátækt og jafna lífsgæði.<sup>2</sup>

Það frumvarp sem hér um ræðir er í samræmi við framangreint og styður ASÍ því að það verði að lögum í þeirri mynd sem það er lagt fram.

Virðingarfyllst f.h. ASÍ

Halldór Oddsson lögfr.  
[halldoro@asi.is](mailto:halldoro@asi.is) / s. 5355600

<sup>1</sup> [https://www.asi.is/media/316711/minnisblad-um-a-herslur-asi-um-atvinnulevisisbaetur-18082020\\_leidrett.pdf](https://www.asi.is/media/316711/minnisblad-um-a-herslur-asi-um-atvinnulevisisbaetur-18082020_leidrett.pdf)

<sup>2</sup> Sjá m.a. Réttta leiðin - frá kreppu til lífsgæða: <https://www.asi.is/um-asi/hlutverk-aa-saaa/stefna/reтта-leidin/>

Velferðarnefnd  
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. nóvember 2020

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrgðasjóð launa. 151. löggjafarþing 2020-2021, 35. mál.**

Bandalag háskólamanna (BHM) hefur fengið til umsagnar framangreint frumvarp. Með frumvarpinu stendur meðal annars til að lengja það tímabil sem atvinnuleysisbætur eru greiddar, hækka lágmarksfjárhæðir tekjutengdra- og grunnatvinnuleysisbóta og hækka uppbót vegna framfærsluskyldu gagnvart börnum.

BHM hefur ítrekað bent á að hækka þurfi grunnatvinnuleysisbætur og hámark tekjutengdra atvinnuleysisbóta. Á aðalfundi bandalagsins 2018 var meðal annars ályktað „*að afnema beri hámark tekjutengdra atvinnuleysisbóta, sem greiddar eru fyrstu þrjá mánuði atvinnuleysis, og hækka grunnatvinnuleysisbætur þannig að þær dugi til framfærslu.*“ Þetta hefur bandalagið margoft ítrekað síðan<sup>1</sup> og lagt sérstaka áherslu á stöðu atvinnulausra í kjölfar þeirrar efnahagskreppu sem sem þjóðin býr nú við í kjölfar kórónuveirufaraldurs, með það að markmiði að bæta afkomuöryggi fólks sem misst hefur vinnuna.

Í 3. og 4. gr. frumvarpsins er miðað við lægstu laun samkvæmt kjarasamningum hverju sinni. Lægstu laun eru breytileg eftir kjarasamningum og í sumum þeirra eru ákvæði um lágmarkstekjur þannig að greiða skuli uppbót á laun sem ná ekki tilteknum fjárhæðum. Þannig geta lágmarkslaun skv. kjarasamningi verið lægri en lágmarstekjur samkvæmt kjarasamningi. Telur BHM því heppilegra að löggjafinn taki afstöðu til þess við hvaða lægstu laun skal miða.

**BHM fagnar efni frumvarpsins og styður framgang þess að teknu tilliti til framangreindrar athugasemdar.**

Fyrir hönd BHM,



Andri Valur Ívarsson  
lögmaður

<sup>1</sup> sjá meðal annars hérna: <https://www.bhm.is/frettir/bhm-kallar-efrir-tafarlausum-adgerdum-tilad-bregdast-vid-stodunni-a-vinumarkadi>

Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. nóvember 2020

**Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysis-  
tryggingar og lögum um Ábyrgðarsjóð launa, 35. mál**

BSRB hefur fengið til umsagnar ofangreint frumvarp þar sem lagðar eru til breytingar á lengd tímabils atvinnuleysisbóta, fjárhæðum atvinnuleysisbóta og þeim reglum sem gilda um greiðslu atvinnuleysisbóta samhliða minnkuðu starfshlutfalli.


Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu hefur þeim sem eru án atvinnu fjölgað verulega á þessu ári vegna efnahagskreppu í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru. Ein af megináherslum BSRB í gegnum faraldurinn hefur verið að tryggja afkomu heimila landsins. Með það að leiðarljósi hefur bandalagið meðal annars hvatt stjórnvöld til þess að hækka fjárhæðir atvinnuleysisbóta og lengja tímabil atvinnuleysisbóta. Við þessu hafa stjórnvöld að hluta til brugðist, t.a.m. með lengingu tekjutengdra atvinnuleysisbóta úr þremur mánuðum í sex.

BSRB hefur þó bent á að um síðustu áramót hækkuðu grunnatvinnuleysisbætur um 9.790 kr. og að hækkunin í ársbyrjun 2021 muni aðeins nema um 10.400 kr. samkvæmt fjárlagafrumvarpinu, sem er umtalsvert lægri fjárhæð en kjarasamningar á bæði almennum og opinberum vinnumarkaði tryggja launafólki. Þeir samningar voru almennt gerðir á grundvelli samnings sem í daglegu tali hefur verið nefndur Lífskjarasamningurinn og var gerður með aðkomu bæði aðila vinnumarkaðsins og stjórnvalda.

BSRB telur því nauðsynlegt að fjárhæðir atvinnuleysisbóta verði hækkaðar og fylgi launahækkunum kjarasamninga til þess að stuðla að sem minnstum ójöfnuði hér á landi. Þá hefur BSRB jafnframt talað fyrir lengingu tímabils atvinnuleysisbóta, líkt og var gert eftir efnahagshrunið 2008 þegar tímabilið var lengt til þess að bregðast við alvarlegri stöðu á vinnumarkaði.

Með vísan til framangreinds fagnar bandalagið efni frumvarpsins og styður framgang þess.

Fyrir hönd BSRB



Hrannar Már Gunnarsson  
lögfræðingur

Alþingi  
Nefndarsvið  
Austurstræti 8-12  
150 Reykjavík

Reykjavík 1. desember. 2020

Efni: Umsögn Sjálfsbjargar um þingsályktunartillögu um orlofshúsnæði örorkulífeyrisþega, 35. mál

Til umsagnar eru drög að þingsályktunartillögu um orlofshúsnæði örorkulífeyrisþega. Sjálfsbjörg keypti hús í byggðinni í Reykholti í Biskupstungum. Nánar tiltekið að Kistuholti 19. Kaupverð hússins var 21 milljón fókheld, en innréttað og uppkomið kostaði húsið 76 milljónir. Húsið er sérinnréttað fyrir hreyfihamlaða með stórum herbergjum og böðum og öllu því sem til þarf í gott orlofshúsnæði.

Húsið varð samtökunum og þeim félögum sem standa að húsinu of dýrt. Raun kostnaður á leigða viku er um 100.000 kr. vikan en félagsmenn hafa fengið vikuna leigða á 59.000 kr. Mismuninn bera samtökin í hallarekstri. Er svo komið að eftir 3 rekstrar á, að stjórn samtakanna hafa samþykkt að kanna sölu á húsinu þar sem þau standa hvorki undir því að bera rekstrartap af húsinu né að borga af 15.mkr láni sem hvílir á húsinu.


Það er því alveg ljós að samtök sem telja aðeins 1700 félagsmenn standa ekki ein undir húsi sem þessu.

Jafnframt hafa samtökin átt í óformlegu spjalli við önnur samtök um að koma með einhverju móti inn í reksturinn á húsinu.

Samtökin myndu fagna því innilega ef ríkið kæmi inn með fé til að kaupa og reka orlofshúsnæði í samvinnu við hagsmunasamtök, fyrir fatlað fólk.

Orlofshús verkalýðs félaganna eru fæst aðgengileg auk þess sem fatlað fólk á ekkert endilega rétt á að leiga slík hús. Af öllum húsum VR 4 hús t.d með aðstöðu fyrir hjólastóla.. 2 hús á suðurlandi og 2 á Akureyri. Eitt hús er auglýst aðgengilegt í Vestmannaeyjum en þar er sturtuaðstaða ekki aðgengileg enga síður. Það er því alveg ljóst skoða þarf orlofshúsamál út frá mörgum sjónarhornum.

F.h. Sjálfsbjargar landsambands hreyfihamlaðra.



---

Bergur Þorri Benjamínsson formaður Sjálfsbjargar